



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 11. desember 2023, fundur hófst kl 18:30.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Gunnar Már Þorðarson, Haraldur Pétursson. Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri Davíð Áskelsson og Jenny Elisabet Eriksson ritari voru fjarverandi.

1. Tilboð í tölvur frá Origo

Tilboð kom frá Origo í 4 nýjar tölvur fyrir dómara/ritara. Haraldur heyrir í Origo og kannar hvort hægt sé að gera eitthvað betur eða tengja við auglýsingu.

2. Hitaveita í Húsasmiðjuhöllin

Komið er tilboð frá Alhliðalögnum og Viðhaldslögnum í uppsetningu á hitablásurum í Húsasmiðjuhöllina. Áhugi er á því að kanna betur með gólfhita og mun framkvæmdastjóri halda áfram með það mál.

3. Samráð um stigagjöf íþróttamanna hestamannafélaga

Framkvæmdastjóri sendir hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu formlega fyrirspurn um hvort áhugi sé að samráði um stigagjöf og nefnd um niðurstöðu/ágreiningsmál.

4. Námskeið

Farið yfir spurningar frá yfirþjálfara varðandi mál er snúa að námskeiðahaldi. Stjórn tekur saman og svarar.

Fundi slitið kl. 19:45.

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson